



# Jarðhitafélag Íslands

---

## Fundargerð 132. stjórnarfundar Jarðhitafélags Íslands

Mánudaginn 19. september 2016 kl. 15:00 í VR II

Mætt: Kristín Vala Matthíasdóttir formaður (KVM), Hildigunnur Thorsteinsson (HT), Magnús Þór Jónsson (MPJ), Sigurjón Norberg Kjærnested (SNK), Claus Ballzus (CB), Steinunn Hauksdóttir (SH) og Sigurður Markússon (SM)

Boðuð forföll:

Gestir fundar:

KVM setti fund 15:00.

### 1. Styrkur JHFÍ

Umræða fór fram um styrk JHFÍ, en frestur til að sækja um styrkinn var til 12. september. 5 umsóknir bárust um styrkinn í ár, og hafa stjórnarmenn farið yfir umsóknir og gefið þeim einkunnir. Eftir umræðu í stjórn og yfirferð á einkunnagjöf, þá var ákveðið að veita 2 styrki, að upphæð allt að 300.00 kr. Styrkina hlutu Guðjón Atli Eggertsson til að kynna erindi tengt doktorsverkefni sínu sem fjallar um rannsóknir á lekt og bergstyrk í jarðhitageyminum í Kröflu og Andri Ísak Þórhallsson til að kynna erindi tengt doktorsverkefni sínu sem fjallar um hermun á aðstæðum í djúpborunarholum.

Umræða fór fram um fyrirkomulag styrksins og var eftirfarandi bókun samþykkt: „Stjórn mun taka fyrirkomulag styrksins til umræðu og endurskoðunar á næsta aðalfundi“.

### 2. Haustfundur JHFÍ

Umræða fór fram um komandi haustfund JHFÍ, dagskrá fundar, fyrirlesara og fleira. KVM kynnti drög að dagskrá og var ákveðið að ganga frá málinu í tölvupóstsamskiptum stjórnar á næstu dögum.

### 3. Önnur mál

#### a) Nýjir félagsmenn

Eftirfarandi aðilar voru einróma samþykktir sem nýjir félagsmenn:

- Daniel Villaroel
- Unnur Þorsteinsdóttir
- Guðjón Eggertsson
- Andri Ísak Þórhallsson
- Yuxi Li
- Ásgerður Sigurðardóttir

#### b) IGA

Umræða fór fram um stjórnarkjör IGA og ráðningu framkvæmdastjóra IGA.

Fundi var slitið 16:30.

Sigurjón Norberg Kjærnested, ritaði fundargerð

---